Félag vélstjóra
og málmtæknimanna

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/646
komudagur 9.1. 2009

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 7. janúar 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um líkanatilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, mál nr. 42.

Það er álit VM að uppbygging hafnarmannvirka eigi að vera gerð með heildarskipulagi fyrir landið allt. Þar verði raunveruleg þörf fyrir stækkun höfð að leiðarljósi. Eftir hinar miklu breytingar sem hafa átt sér stað í atvinnuþróun, er mjög léleg nýting á mörgum hafnarmannvirkjum víða um land og rekstur þeirra erfiður. Verði hugmyndum um strandsiglingar komið í framkvæmd mun væntanlega ekki nema ein stórskipahöfn verða fyrir allt landið, sem stóru flutningaskipin munu sigla til. Flutningi síðan dreift um landið með þeim skipum sem þjóna eiga strandsiglingunum.

Það er því álit VM að forgangsröðun hafnarmannvirkja verði framkvæmt með heildarskipulagi fyrir landið allt og raunverulegri þörf fyrir framkvæmdinni látin ráða.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Guðm Ragnarss.

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/567
komudagur 17.12.2008

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Gauta Sturlusonar

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. desember 2008

0812054HA BLB
Tilv.: 620

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stórskipahöfn í Vestmannaeyjum**

Hafnasamband Íslands hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um stórskipahöfn í Vestmannaeyjum, 42. mál.

*„Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemd við ályktunina".*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal, deildarstjóri

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, hafnasamband@samband.is, www.hafnasamband.is

SF SAMTÖK FISKVINNSLUSTÖÐVA

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/623
komudagur 29.12. 2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.desember 2008

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um líkanatilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.**

Flutningsmenn tillögunar leggja til að Alþingi álykti að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefjast til handa um líkantilraunir í líkanstöð Siglingarstofnunar til að undirbúa stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gengt Klettsvík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja.

Samtök fiskvinnslustöðva gera ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fiskvinnslustöðva

Guðbergur Rúnarsson

Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0350 – Fax 591 0358 – www.sf.is

SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/506
komudagur 16.12.2008

Selfossi, 15. desember 2008
*0811001SA ÞH*

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsagnir SASS um þingmál nr. 22 og 42**

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 12. desember sl., var tekið fyrir bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. nóvember 2008, þar sem óskað var umsagnar SASS um tillögu til þingsályktunar um hönnun og stækkun Þorlákshafnar, 22. mál.

Stjórnin samþykkti að mæla með samþykkt tillögunnar.

Á sama fundi var einnig tekið fyrir bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 3. desember 2008, þar sem óskað var umsagnar SASS um tillögu til þingsályktunar um líkanatilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.

Stjórnin samþykkti að mæla með samþykkt tillögunnar.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri



| Aðsetur – Address: | Símar – Telephone: | Myndsendir – Fax: | Netfang – E-mail: | Kennitala – Id.no.: |
|---|---|---|---|---|
| Austurvegur 56<br>800 Selfoss<br>Iceland | 480 8200 | 480 8201 | sass@sudurland.is | 480775-0159 |

SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/647
komudagur 9.1. 2009

Alþingi
Gautur Sturluson
við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 07.01.2009
Tilv. 023
HJ

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 3. desember 2008, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni tillögunnar, enda verði stofnuninni tryggðar fjárveitingar til þessa verkefnis.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri

Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1175
komudagur 11.3.2009

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. mars 2009
Tilvísun: UST20081200036/þek

**Umsögn um þingsályktun um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.**

Með bréfi, dags. 3. desember 2008, sendi samgöngunefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar þingsályktun um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, 42. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir